



9. október 2012

**Ríkisendurskoðandi  
hr. Sveinn Arason**

**Efni: Spurningar í tilefni af umræðu um úttekt Ríkisendurskoðunar  
á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Oracle).**

Undirrituð, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, óskar eftir svörum við eftirfarandi spurningum fyrir 16. október nk.

1. Gerir Ríkisendurskoðandi starfsáætlun um þau verkefni sem eðli máls samkvæmt eru ekki reglubundin?
  - a. til hve langs tíma?
  - b. hve oft er áætlunin endurskoðuð?
2. Hafa skýrslur er varða fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Oracle) verið á starfs-áætlun Ríkisendurskoðunar? Ef svo er, hversu miklum mannafla (mannmánuðum) var ætlað að sinna verkefninu á ári hverju frá því vinna við úttektina hófst?
3. Hefur Alþingi verið gert viðvart um tafir eða ákvörðun um að fresta vinnu eða skilum á úttekt á innleiðingu og/eða uppfærslu á Oracle-kerfinu?
  - a. ef já – hvenær?
  - b. ef nei – hvers vegna ekki?
4. Á heimasíðu Ríkisendurskoðunar er birtur listi um „úttektir í vinnslu“.
  - a. Hefur vinna er varðar úttekt á Oracle verið á þessum lista?
  - b. Eru skýrslur/úttektir nú í vinnslu hjá embættinu, sem ekki eru á listanum?
  - c. Hvaða viðmið eru höfð um hvaða verkefni eru skráð á þennan lista?
5. Hefur Ríkisendurskoðun sett viðmið um vinnslutíma úttekta/skýrslna og ef svo er, hvert er það?
6. Hvaða reglur gilda hjá embættinu um upplýsingagjöf til Alþingis meðan á úttekt stendur? Hafa komið upp þau tilfelli að Ríkisendurskoðun hafi talið nauðsynlegt að gera þinginu viðvart um tiltekna niðurstöður sínar enda þótt skýrslugerð hafi ekki verið lokið?

Virðingarfyllst

Valgerður Bjarnadóttir

formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar

**STJÓRNSKIPUNAR- OG EFTIRLITSNEFND**